



**NÝIR FÁNAR** Hörður Lárusson veltir fyrir sér hvernig þjóðfáni Íslands myndi líta út ef efnit væri til samkeppni í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hundrað útgáfur af íslenska fánanum

Hörður Lárusson er grafískur hönnuður sem fer fyrir óformlegri fánanefnd þar sem hann leitar til almennings eftir nýjum tillögum að þjóðfána Íslands. Rúmlega 120 tillögur að nýjum fána má berja augum í Galleríi Þoku yfir Hönnunarmars.

„Í ár eru akkúrat 100 ár síðan fánanefnd auglýsti eftir tillögum að þjóðfána Íslands og mér fannst áhugavert að sjá hvernig við myndum bregðast við í dag ef sömu spurningu yrði varpað til almennings, hvaða tillögur hann kæmi með,“ segir Hörður Lárusson.

Hörður er grafískur hönnuður og aðstandandi sýningarinnar Skjótum upp fána sem fer fram í Gallerí Þoku. Þar má sjá rúmlega 120 tillögur að nýjum þjóðfána Íslendinga. Tæplega hundrað ár eru liðin frá því að íslenski fán-

inn var staðfestur með konungsúrskurði en þá, árið 1914 bárust 28 tillögur. Af því tilefni ákvað Hörður að efna til nýrrar samkeppni. „Ég fékk þau Atla Þór Árnason og Unnie Arendrup í lið með mér og við settum upp vefsíðu. Þar buðum við fólki að senda inn tillögur og það endaði í 120 tillögum að nýjum fána,“ segir Hörður, en eingöngu var í boði að senda inn skriflegar tillögur sem þau síðan teiknuðu upp.

Sýningin var opnuð á fimmtudaginn og er aðallega hugsuð yfir Hönnunarmars, sem er nú í full-

**Hvað? Sýningin Skjótum upp fána**

**Hvar: Gallerí Þoka, Laugavegur 25**

**Hversu lengi: Stendur til 6. apríl**

um gangi þar til á sunnudag. Þá eru þessar 100 ára gömlu tillögur, á fánastöngum hér og þar um borgina um helgina til sýnis. Til dæmis við Hörpu, Ráðhús Reykjavíkur, í Lækjargötu og við þessa fána stendur textaskýring hver á hugmyndina.

„Ég tek niður gömlu fánana eftir helgi, en hef sýninguna í Þoku opna til 6. apríl. Allir velkomnir.“